

Fundur ungmennaráðs, 24.9.2015.

Mættir: Una Guðlaug Sveinsdóttir (UGS), Edda Anika Einarsdóttir (EAE), Aníta Rut Gunnarsdóttir (ARG), Hulda María Valgeirsdóttir (HMV), Jón Egill Hafsteinsson (JEH), Fríður Finna Sigurðardóttir (FFS), Eva Rós Sveinsdóttir (ERS).

1. Verkefnastjórnun í fáum orðum. FFS fór yfir meginatriði í verkefnaskipulagningu/stjórnun.
2. Rödd ungra skáta:
 - a. Staðsetning: Skátafélag Akranes lánar skátaheimili sitt. Kostnaður 15-20. Þús alls. Strætó gengur í gegnum Akranes. Viðburðurinn hefst á Akranesi.
 - i. Það þarf að kanna ábyrgðarstöðu BÍS ef skátarnir sameinast í bíla, - obs, viðburður hefst á Akransei.
 - b. Tímasetning. 6-8. Nóv. 2015.
 - c. Verð: 3.500 kr.
 - d. Dagskrárpælingar: hafa hópefli og leiki á föstudagskvöldinu (blanda hópunum), kvöldkaffi. Frágangur verður sameiginlegur – láta það koma fram í upphafi svo allir verði snyrtilegir.
 - e. Farið yfir fjárhagsáætlun og kostnaðarliði. Reikna þarf t.d. með skrifstofukostnaði til BÍS.
 - f. Matarhugmyndir: kvöldmatur á lau – tortillas.

RUS

Helgina 6.-8. nóvember ætla allir rekka- og róverskátar að hittast á Akranesi til að hafa gaman og ræða málin. Frábært tækifæri til að koma hugmyndum í framkvæmd og styrkja starfið! Verðið verður ekki hátt og veðrið hefur ekki hátt!

Staðsetning: Skátaheimilið á Akranesi, Háholti 24.

Dagskrá hefst: Föstudaginn 6. nóvember kl. 22:30 (húsið opnar 20:00)

Dagskrá lýkur: Sunnudaginn 8. nóvember kl. 14:30.

Verð: 3.500 kr. (innifalið gisting, dagskrá, sundferð, kvöldverður á laugardagskvöldi).

Koma þarf með dýnu, svefnpoka, sundföt og annan mat. Skráning á viðburðaskráningu bandalagsins.

Frábært tækifæri til að öðlast frægð og frama á Snapchat. Þetta verður RUS-aleg helgi. Nánari upplýsingar birtar síðar (á Snapchat og víðar). Kveðja, ungmennaráð. P.S. eruð þið að tékka á stuðlum og rími?

Fundi slitið kl. 22:26. Fundargerð rituð af FFS og UGS